

Fjármálaráðuneytið
Tekju- og lagaskrifstofa

6. og 7. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum um tekjuskatt.

Mjög misjafnt er milli landa hvort bankaupplýsingar eru fyrirfram skráðar á framtöl. Á Norðurlöndunum eru allar upplýsingar áritaðar á framtöl án sérstakrar beiðni og þurfa menn eingöngu að samþykkja framtalið með þessum fyrirfram árituðu upplýsingum.

Upplýsingar um fyrirkomulag á upplýsingaskyldu fjármálastofnana í Evrópu.

Öll ríki Evrópusambandsins eru aðilar að Sparnaðartilskipun Evrópusambandsins (Savings Directive eða Council Directive 2003/48/EC). Þau eru því ekki með bankaleynd og veita upplýsingar um reikninga, eignir og vaxtatekjur milli landa. Forsenda þessara upplýsinga er að yfirvöld í viðkomandi landi fái þær frá viðkomandi fjármálastofnunum. Þrjú ríki hafa ekki gefið sundurliðaðar upplýsingar á milli landa þar sem þar ríkir bankaleynd en þetta eru Austurríki, Belgía og Lúxemborg. Þessi lönd gefa því eingöngu upplýsingar um heildarfjárhæðir en eru á móti skikkuð til að leggja afdráttarskatt á vexti úr landi til erlendra aðila sem hin löndin gera ekki.

9. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum um tekjuskatt.

Í 9. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á gildistökuákvæði er varðar frádrátt vegna söluhagnaðar af hlutabréfum lögaðila. Að öðru leyti er ekki um að ræða efnisbreytingu á þeim reglum sem um söluhagnað þennan gilda.

Tekið skal fram að tap af sölu hlutabréfa hjá einstaklingi er einungis heimilt að draga frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári. Skilyrði er að um sé að ræða samkynja eignir og raunverulega sölu.